

Mánudaginn 10. febrúar 1986.

Nr. 229/1985. **Geir Viðar Vilhjálmsson**

gegn

**Friðrik Friðrikssyni**

Frestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson.

Málinu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1985 til þingfestingar í nóvember 1985. Var því þá frestað til febrúar 1986 að beiðni áfrýjanda. Er málið kom fyrir 3. þ.m. beiddist áfrýjandi enn frests til aprílmánaðar en stefndi neitaði um frestinn og krafðist þess að málið yrði fellt niður og áfrýjanda gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu er áfrýjað fjárnámssgerð fógetaréttar Árnassýslu er fram fór hjá áfrýjanda 23. september 1985. Áfrýjandi hefur ekki fært fram rök fyrir því að frestur sá sem hann hefur þegar haft hafi ekki verið nægilegur til að afla dómsgerða og gera ágrip þeirra. Verður hinn umbeðni frestur ekki veittur og málinu vísað frá Hæstarétti.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 2.500,00 krónur í ómaksbætur.

### **D ó m s o r ð:**

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði stefnda, Friðrik Friðrikssyni, 2.500,00 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.